

Reykjavíkurmaraþon 2026 og Kraftur

Kraftur styður við bakið á ungu fólki á aldrinum 18 – 40 ára sem greinist með krabbamein og aðstandendum þeirra.

Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna og stuðla að velferð þessa unga fólks og aðstandenda.

Kraftur styður og aðstoðar félagsmenn sína með margvíslegum hætti, m.a.;

- Heldur úti stuðningshópum þar sem haldnir eru reglulegir viðburðir en tilgangur þeirra er einna helst jafningjastuðningur.
- Sinnir hagsmunabaráttu, bæði einstaklingsbundinni sem og almennri.
- Veitir fjárhagslegan stuðning:
 - Styrktarsjóður sem veitir styrki tvisvar sinnum á ári
 - Frjósemissjóður
 - Menntasjóður
 - Krabbameinsgreint félagsfólk fær lyfjakort sem veitir þeim öll lyfseðilskyld-og lausasölulýf ókeypis
 - Minningarsjóður Krafts veitir útfarastyrki til aðstandenda félagsfólks sem fallið er frá
 - Óskabrunnur Krafts reynir að láta alls kyns óskir inniliggjandi félagsfólks verða að veruleika. Þessi þjónustuliður er eingöngu til fyrir tilstilli Reykjavíkurmaraþonsins og verndara, þ.e. hlaupahópsins HHHHC Boss.
 - Heldur úti margvíslegri fjölskyldudagskrá allt árið sem hjálpar fólkinu okkar að skapa minningar með sínu nánasta fólki.
 - Stuðlar að andlegri og líkamlegri heilsu með hreyfitengdum námskeiðum og viðburðum. Stendur fyrir almennri fræðslu og vitundarvakningu. Félagið heldur úti öflugri fræðslusíðu og gefur út bókina Fokk - ég er með krabbamein, sem stendur öllum til boða að fá ókeypis.
 - Og margt fleira!



Kraftur er eingöngu til fyrir tilstilli stuðnings og styrkja frá almenningi og fyrirtækjum í landinu. Reykjavíkummarabanið hefur í gegnum árin verið mjög mikilvæg tekjuöflun fyrir Kraft og við leggjum mikla áherslu á að þakka þeim sem hlaupa fyrir félagið og styðja með áheimum vel fyrir.

Í ár munum við halda í hefðina og þakka okkar fólki fyrir með áberandi Billboard auglýsingum á skiltum sem eru á hlaupaleiðinni og viljum bjóða þínu fyrirtæki að vera með í því. Auglýsingin verður birt sólarhringinn 22. ágúst 2026, þegar Reykjavíkummarabanið fer fram. Hún mun birtast á 60 sek fresti á eftirfarandi 8 skiltum;

Hlíðarenda - Þrótt - Hús verslunarinnar - Vesturlandsvegur - Hilton - Fífan - 2x Sprengisandi

Samtímis verður sérstök þakkarsíða á heimasíðu Krafts, þar sem merki (lógó) þíns fyrirtækis eða stuðningskveðja (nafn fyrirtækisins) verður sjáanlegt, en einnig verður þetta auglýst vel á samfélagsmiðlum okkar með kostuðum færslum.



Með von um að þitt fyrirtæki geti sýnt Kraft í verki.

Verð:

Merki (logo): kr. 50.000

Stuðningskveðja: kr. 10.000 – 15.000

Óbirtur stuðningur: Valfrjáls upphæð

Kær kveðja frá Kraftsliðinu!

